


- SKÝRINGAR**  
**LANDNOTKUN**
- íbúðarsvæði
  - verslunar- og þjónustusvæði
  - svæði fyrir þjónustustofnanir
  - athafnasvæði
  - iðnaðarsvæði
  - opið svæði til sérstakra nota
  - öbyggð svæði
  - landbúnaðarsvæði
  - ræktuð tún, til skýringar
  - hverfisvernd - fuglafríland
  - efnistökusvæði
  - blönduð landnotkun
  - vötn, ár og sjór
- Einungis litaðar skýringar eru til staðfestingar
- s4 grunnskóli
  - s21 fangelsi
  - s27 dælustöð
  - s28 aðveitustöð rafmagns
- Athafnasvæði**
- o1 efnislosun
  - o4 efnistaka, sandtaka úr fjöru
- Opin svæði til sérstakra nota**
- ú2 útivistarsvæði
  - ú4 leikvöllur
  - ú5 íþróttavöllur
  - ú6 golfvöllur
- Náttúruverndarsvæði**
- 750 fjöru við Stokkseyri og Eyrarbakka
  - 777 Gamla-Hraun og nágrenni
- ÞJÓNUSTUKERFI**
- stofnvegur og helgunarsvæði
  - tengivegur
  - aðrir vegir, götur og lóðarmörk, til skýringar
  - göngu- og hjólastígar
  - reiðstígar
  - gömul þjóðleið
  - sjóvamargardur
- Önnur skýringar:**
- rafveita, háspennulina
  - rafveita, jarðkapall yfir 11KW
  - hitaveita, stofnæð
  - vatnsveita, stofnæð
  - fráveita, stofnræsi

Aðalskipulagsbreyting þessi var samþykkt í sveitarstjórn Árborgar þann \_\_\_\_\_ 2014 samkvæmt 36. gr. skipulagslaga nr. 123/2010

Aðalskipulagsbreyting þessi var staðfest af Skipulagsstofnun þann \_\_\_\_\_ 2014



**GREINARGERÐ**

**Tilfni og aðstæður**  
Breyting þessi á aðalskipulagi Árborgar sýnir breytta legu göngu- og hjólastígs á milli Eyrarbakka og Stokkseyrar. Breytt lega stígsins nær frá vesturenda hans, við Merkisteinsvelli á Eyrarbakka, að göngubrú yfir Hraunsa, vestan Stokkseyrar. Stígurinn mun liggja á milli Gaulverjabæjarvegur nr. 33 og fjörukambinsins. Skilgreind landnotkun samkvæmt gildandi aðalskipulagi sveitarfélagsins er einkum opið svæði til sérstakra nota auk landbúnaðarsvæðis. Samkvæmt gildandi aðalskipulagi er staðsetning stígsins meðfram strandlengjunni. Hann mun því færast fjær sjónum við breytinguna. Með breytingu á legu stígsins er verið að minnka líkur á ágangi sjávar auk þess sem lengd hans stýttist um 260m. Ekki er um að ræða frílýst svæði á náttúruminjasrá, en á lista í skránni um "aðrar náttúruminjar" er að finna Gamla-Hraun og nágrenni vegna fjölbreytts lífríkis.

**Samræmi við forsendur í aðalskipulagi**  
Í aðalskipulagi Árborgar 2010-2030 er eitt af fjórum almennum markmiðum varðandi samgöngur í sveitarfélaginu eftirfarandi: „Löð er áhersla á gott og öruggt aðgengi allra íbúa, þ.m.t. barna, aðraðra og fatlaðra, að svæðum og byggingum sveitarfélagsins, sérstaklega náttúru- og útivistarsvæðum og opinberum byggingum. Sérstök áhersla er lögð á að skapa góð skilyrði fyrir umferð gangandi, hjólríðafólks og fatlaðra um bæjarlandið“ (Árborg aðalskipulag 2010-2030, bls. 56). Þá segir einnig í aðalskipulaginu um samgöngur: „Haldið verður áfram að bæta göngu- og hjólastígakerfi í sveitarfélaginu. Stefnt skal að því að slíkt stígakerfi tengi saman alla þéttbýliskjarna í Árborg.“ (Árborg aðalskipulag 2010-2030, bls. 56). Þar sem um styttingu stígsins er að ræða verður sá samfélagslegur kostnaður sem hlýst af breytingunni minni en ella.

**Áhrifamat**  
Aðalskipulagsbreytingin felur ekki í sér framkvæmdir sem tilgreindar eru í viðaukum I og II í lögum um mat á umhverfisáhrifum nr. 106/2000. Skipulagsbreytingin fellur því ekki undir ákvæði laga um umhverfismat áætlaða nr. 105/2006. Þó lagaákvæðið eigi ekki við í þessu tilfalli eru áhrifaþættir metnir út frá viðmiðum sem talin eru skipta máli miðað við stefnu sveitarstjórnar og markmiða laganna. Getið er hvaða áhrif aðalskipulagsbreytingin hefur á samfélag og byggð, náttúrufer og landslag, heilsu og öryggi og að lokum verndarsvæði og minjar. Hvað samfélag og byggð varðar eru áhrifin jákvæð þar sem gönguleiðin á milli Eyrarbakka og Stokkseyrar stýttist frá óbreyttu skipulagi og kostnaður við gerð og viðhald stígsins er minni. Þá fer hann skv. breytingunni alfarið um land í eigu sveitarfélagsins. Stígurinn verður að auki sjáanlegri, sem leiðir til meiri almennrar nýtingar. Hvað náttúrufer og landslag varðar er það helst fuglalíf sem getur raskast við breytta legu göngu- og hjólastígs. Mögulega væru það tímabundin áhrif sem drægi úr með tímanum. Allar nýjar framkvæmdir breyta ásýnd landslags. Breytt skipulag stuðlar að betri heilsu og öryggi íbúa með minni bílaumferð og meiri hreyfingu með vistvænni ferðamáta á milli heimilis, skóla og annarra vinnustaða. Öryggi er meira þar sem minni áhrifa gæfir af sjó og vindi af hafi. Hvað verndarsvæði og minjar varðar eru bæði nógildandi staðsetning stígsins, sem og staðsetning samkvæmt þessari breytingatillögu, á svæði sem eru skráð í náttúruminjasrá.



**EYRARBAKKI - STOKKSEYRI**  
**GÖNGU- OG HJÓLASTÍGUR**  
**TILLAGA AÐ AÐALSKIPULAGSBREYTINGU**  
**ÓFULLGERÐ TEIKNING**

TEIKNUNUMÉR	BLADSTÆRÐ	HANNAÐ:
2839 - 039	A2	TEIKNAD: MB
		YFIRFARID: PB
DAGS.	MÆLIKVARÐI	ÚTGÁFA
16.09.2014	1:10000	
		SAMÞYKKT:
		Kennitala: